

Tillaga til þingsályktunar

um ókeypis fræðslu og þjálfun foreldra barna með ADHD.

Flm.: Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Þórarinn Ingi Pétursson, Gísli Rafn Ólafsson, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímánn Magnússon, Tómas A. Tómasson, Wilhelm Wessman, Oddný G. Harðardóttir, Logi Einarsson.

Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra og heilbrigðisráðherra að koma á fót fræðslu og þjálfun foreldra barna, allt að 16 ára, með ADHD strax við greiningu. Fræðslan og námskeiðin standi til boða þeim að kostnaðarlausu.

Greinargerð.

Fjölmarginir einstaklingar glíma við ofvirkni og athyglisbrest sem í daglegu tali er oft kallað ADHD (e. Attention Deficit Hyperactivity Disorder). Einkenni ADHD skjóta almennt upp kollinum snemma á æviskeiði einstaklings, þ.e. um 7 ára aldur, og geta haft áhrif á alla þætti lífsins, svo sem nám, vinnu og félagsleg samskipti. Rannsóknir sýna að allt að eitt af hverjum tíu börnum glímur við ADHD. Það þýðir að í 20–30 manna kennslustund eru líklega um 2–3 einstaklingar með ADHD. Börn og unglingar með athyglisbrest með eða án ofvirkni eiga einnig oft við aðra erfiðleika að stríða. Akveðinn hópur er t.d. með sértæka námsörðugleika og alvarlegir félags- og hegðunarerfiðleikar eru ekki óalgengir. Þeim er mjög hætt við að þróa með sér mótþróahegðun. Kvíði og depurð er algeng og mörg þessara barna sýna einkenni árátтуhegðunar.¹

Uppeldi barna með ADHD getur reynst frábrugðið uppeldi barna án ADHD, sérstaklega þar sem foreldrar verða að aðlaga sig að upplifun og einkennum barnanna. Oft kemur það fyrir að foreldrar finna fyrir óvissu í uppeldinu og eiga erfitt með að ákveða næstu skref. Margir foreldrar kynna sér ADHD og allt sem taugaþroskaröskunin felur í sér. Sumir leita sér aðstoðar hjá sérfræðingum. Flutningsmenn telja það nauðsynlegt að foreldrar hafi aðgengi að fræðslu og þjálfun fyrir foreldra barna með ADHD og séu hvattir til þess að sækja þá fræðslu og þjálfun. Slík námskeið eiga að standa þeim, sem og forráðamönnum þegar það á við, til boða, þau eru samfélaginu til bóta og eiga að vera þeim að kostnaðarlausu.

Á síðustu árum hafa tilraunir verið gerðar til að sýna árangur námskeiða fyrir foreldra barna með ADHD. Horft er á námskeiðin sem fyrsta stigs meðferð fyrir börn með ADHD ásamt því að þau séu til þess fallin að aðstoða foreldra við að öðlast meiri skilning, þekkingu og reynslu á röskuninni. Á námskeiðunum sitja foreldrar fyrirlestra, fá lesefni og vinna verkefni sem tengjast uppeldi barna með ADHD. Námskeiðin eru ekki talin skila árangri að því leyti að draga úr hefðbundnum einkennum röskunarinnar, en foreldrar hafa almennt talið þau hjálpa þeim og börnum þeirra og það skilar sér vissulega í uppeldi og samskiptum barna með

¹ [adhd.is https://www.adhd.is/is/um-adhd/hvad-er-adhd](https://www.adhd.is/is/um-adhd/hvad-er-adhd)

ADHD og foreldra þeirra. Þá telja rannsakendur og foreldrar að námskeiðin hafi haft jákvæð áhrif á námshæfileika og félagslega færni barnanna. Í Danmörku hafa slík námskeið verið talin árangursrík og talið er að þau verði mjög algeng um allan heim í náninni framtíð. Flutningsmenn telja það vera til heilla að námskeið sem þessi verði haldin hér á landi og að foreldrar barna með ADHD hafi tækifæri til að sækja þau sér að kostnaðarlausu. Með fræðslu og þjálfun, sem felur m.a. í sér verkefnavinnu, eru foreldrar barna með ADHD betur í stakk búnir að kenna börnunum og ala þau upp.

Mikil tækifæri til samfélagsbóta eru talin felast í framangreindum námskeiðum. Vissulega fylgir þeim kostnaður fyrir hið opinbera en samfélagslegur ábati af slíku verkefni verður ekki metinn til fjár og því er mikilvægt að kostnaður falli ekki á foreldra. Markmiðið er að börn með ADHD eigi auðveldara með alla þætti eðlilegs lífs, þar á meðal nám, vinnu og félagsleg samskipti, bæði í nútíð og framtíð. Ásamt því munu foreldrar, og samfélagið allt, öðlast frekari skilning og þekkingu á ADHD, sem margir Íslendingar, bæði ungir sem aldnir, glíma við í dag.